

Fjarskiptahópur Ský

Skýrsla stjórnar á aðalfundi 15. október 2009

Góðir félagar,

aðalfundur fjarskiptahópsins árið 2008 var haldinn þ. 21. febrúar en um það leyti ætti að halda aðalfundi fjarskiptahópsins. Í þriðju grein samþykktu fjarskiptahópsins segir:

„Halda skal að minnsta kosti einn almennan fund árlega, í tæka tíð fyrir aðalfund SKÝ. Hann hefur á dagskrá tvo fasta liði auk annarra mála, frágang skýrslu til stjórnar SKÝ og stjórnarkjör.“

Nú er hverjum manni ljóst að dregist hefur úr hömlu að halda aðalfundinn 2009 og gerðist það þrátt fyrir góðan ásetning stjórnarinnar. Við eigum okkur ekki aðrar málsbætur en þær að allt í einu var komið vor og sumar og glugginn til að halda aðalfund lokaðist. Við biðjum ykkur afsökunar á þessari seinkun og við ætlum að koma aðalfundarhaldinu á rétt ról á ný. Svo óheppilega vildi til að formaður fjarskiptahópsins var erlendis þegar aðalfundur Ský var haldinn og komst því ekki til að skila skýrslu um starfsemina. Úr því er hér með bætt.

Óhætt er að segja að hin kalda hönd hrunsins hafi lagst yfir fjarskiptahópin eins og aðra starfsemi Skýrslutæknifélagsins. Hrunið hafði þær afleiðingar að funda- og ráðstefnuhald lagðist nærri af og lítil aðsókn varð að þeim fáu fundum sem haldnir voru á vegum félagsins. Þetta hafði miklar neikvæðar afleiðingar á tekjur félagsins og reyndist nauðsynlegt að skera niður starfsemi þess verulega. Þannig var stöðugildum á skrifstofunni fækkað úr tveimur í hálf. Fjarskiptahópurinn gekkst þó fyrir tveimur atburðum sem haldnir voru á yfirstandandi ári:

Boðið var upp á örnámskeið á sviði fjarskipta þ. 19. mars sl. Um það sáu Jón Ingi Einarsson og undirritaður. Námskeiðið fjallaði um heimanet. Jón Ingi kynnti hvaða tækni er í boði til að byggja upp heimanet og ýmsa hagnýta hluti í tengslum við þau. Hann fjallaði um kopar- og ljósstrengi, tengi og hvernig þau eru sett á strengi, þráðlaus net, fjarskipti um raflínur og fl. Undirritaður fjallaði um nýjar viðmiðunarreglur Staðlaráðs Íslands, ýmsa staðla er lúta að heimanetum og þjónustu á slíkum netum.

13. maí var haldinn hádegisfundur á vegum fjarskiptahópsins um stöðuna í sæstrengjamálum og gagnaverum. Guðmundur Gunnarsson hjá Farice fór yfir sæstrengjamálin, Halldór Guðmundsson hjá Mílu fór yfir þróun og tækni sem beitt er á ljósleiðarahringnum og Sveinn Óskar Sigurðsson hjá Greenstone fór yfir möguleika á uppbyggingu gagnavera hér á landi. Þessi fundur var mjög vel sóttur og erindin afar áhugaverð.

Segja má að undanfarnar vikur höfum við upplifað hljóðláta byltingu varðandi tengingar landsins við umheiminn. Á einu sumri hefur ástandið farið úr nærri ópolandi horfi þar sem meira og minna var treyst á einn streng yfir í mjög ásættanlega stöðu þar sem þrír mjög afkastamiklir strengir eru til reiðu. Þróunin í tengingum innanlands er einnig mikil og jöfn, ljóshringur Mílu er mjög afkastamikill og á eftir fáum við að heyra um net Fjarska sem einnig hefur vaxið og dafnað. Gagnaveraiðnaðurinn gæti orðið næsta stór-atvinngrein Íslendinga ef menn halda rétt á málum. Því hljóta allir menn að fagna enda skapa gagnaverin verðmæt hátæknistörf og eru líkleg til margs konar æskilegra hliðarverkana.

Formaður fjarskiptahópsins situr í fjarskiptaráði fyrir hönd Skýrslutæknifélagsins. Ráðinu er ætlað að vera stjórnvöldum, sérstaklega samgönguráðherra, til halds og trausts í málefnum tengdum fjarskiptum. Ráðið fjallar mest um þingfrumvörp, reglugerðarbreytingar og Evróputilskipanir, en einnig hafa málefni fjarskiptasjóðs nokkuð borið á góma. Í ráðinu er formaður skipaður af samgönguráðherra, fulltrúar fjarskiptaafyrirtækja sitja þar auk fulltrúa frá Neytendasamtökunum og Ský. Jafnframt situr fulltrúi Póst- og fjarskiptastofnunar fundi ráðsins. Tilhneiging er í þá átt að umræður fjalli um málefni sem snerta hagsmuni einstakra félaga eða samtaka og er það miður. Betra væri að verja tímanum meira til stefnumarkandi umræðna. Fulltrúi Ský hefur reynt að koma sjónarmiðum fjarskiptanotenda á framfæri í ráðinu, en brýnt er að þeirra hagsmuna sé gætt í hvívetna. Ég tel því fyllilega réttmætt að Ský eigi fulltrúa í ráðinu. E.t.v. rekur ykkur minni til þess að við höfðum hugarflugsæfingu á seinasta aðalfundi um efni sem erindi ætti inn í fjarskiptaáætlun ríkisstjórnarinnar. Ég kom öllum þessum hugmyndum á framfæri. Sumar þeirra rötuðu að lokum inn í drög að fjarskiptaáætlun sem aldrei voru lögð fyrir Alþingi. Nú mun standa til að gera ekki sérstaka fjarskiptaáætlun heldur verður hún hluti af miklu stærri samskiptaáætlun.

Stjórn Ský hefur falið fjarskiptahópnum að sjá um jólaráðstefnu félagsins, sem haldin verður væntanlega 8. desember nk. Núverandi stjórn hefur fallist á það og hugmyndin er sú að fjalla um sjónvarp, tæknilegt umhverfi þess og aðra þætti. Gott væri að fá fleira fólk í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar og bið ég áhugasama að tala við okkur við lok fundar.

Í stjórn hafa setið þau Anna Björk Bjarnadóttir, Kjartan Briem, Jón Ingi Einarsson, Harald Pétursson og ég. Stjórnin hefur átt gott samstarf sem ég þakka hér með. Anna Björk hefur óskað þess að ganga hér með úr stjórn. Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í eitt skipti til viðbótar en mun ekki gefa kost á mér á næsta aðalfundi sem haldinn verður vonandi á réttum tíma í byrjun árs 2010. Þar með lýk ég máli mínu og þakka áheyrnina.

Sæmundur E. Þorsteinsson

